

degi til sunnudags kl. 14-18. Sýningunni lýkur 2. febrúar.

Freygerður Dana Kristjánsdóttir sýnir tvö verk á sýningu sinni í MOJO á Vega-mótastíg 4. Annað er háðsádeila á fálka-orðuna, hitt er um rollur á réttum eða röngum hillum í lífinu. Sýningin stendur út janúar.

Anna Guðrún Torfadóttir myndlistarmaður sýnir verk unnin með blandaðri tækni í Scala, Lágmúla 5 í Reykjavík.

Birgir Rafn Friðriksson heldur sýninguna **Án samhengis - allt að klámi** í Café Presto, Hlíðasmára 15, Kópavogi. Birgir sýnir 34 þurrpastelmyndir unnar á árinu 2000. Sýningin stendur út janúar og er opin á opnunartíma Café Presto, 10-23 virka daga og 12-18 um helgar.

Ingólfur Júlíusson ljósmyndari stendur fyrir sýningunni **Grænland - fjarri, svo nærri** í Reykjavíkurakademíunni, 4. hæð. Sýningin er opin virka daga frá 9-17 og stendur til 31. janúar.

Í hers höndum er yfirskrift á sýningu sem stendur yfir í Borgarskjalasafni Reykjavíkur í Grófarhúsi, Tryggvagötu 15, 6. hæð. Sýningin er opin alla daga klukkan 12-17 og stendur til 2. febrúar.

Sýning á málverkum **Aðalheiðar Valgeirsdóttur** stendur yfir í Hallgrímskirkju í Reykjavík. Á sýningunni eru málverk unnin á þessu ári sérstaklega fyrir sýninguna í kirkjunni. Viðfangsefnið er **Lífið, tíminn og eilífið**. Sýningin í Hallgrímskirkju er haldin í boði Listvinafélags Hallgrímskirkju og stendur til loka febrúarmánaðar.

Sýning á nokkrum verkum **Guðmundar Hannessonar** ljósmyndara stendur yfir í **Galleri Fold**. Sýningin nefnist **Reykjavíkurmíningar** en myndirnar tók Guðmundur um miðja síðustu öld í Reykjavík.

Inga Svala Þórsdóttir sýnir **Borg** í **Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi**. Inga Svala fjallar um og endurtekur draumsýnina um hið fullkomna samfélag. Hún leggur fram hugmynd að milljón manna borgarskipulagi í Borgarfirði og á norðanverðu Snæfellsnesi. Sýningin er opin alla daga klukkan 10-17. Henni lýkur 19. janúar.

Á Kjarvalsstöðum eru sýnd nokkur verk eftir **Jóhannes S. Kjarval** úr Kjarvalsafni. Sýningin er opin alla daga 10-17. Henni lýkur 31. janúar.

Íslandsmynd í mótun - áfangar í kortagerð er yfirskrift sýningar í Þjóðmenningarhúsinu. Sýnd eru þau kort sem markað hafa helstu áfanga í leitinni að rétttri mynd landsins. Sýningin stendur þangað til í ágúst.

Milli goðsagnar og veruleika er yfirskrift sýningar á **nútímalist frá arabaiheiminum** í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Sýningin kemur frá Ríkislistasafninu í Jórdaníu. Á henni er úrval verka eftir karla og konur frá sextán löndum. Sýningin er opin alla daga 10-17. Henni lýkur 19. janúar.



Þórarinn Eldjárn er skáld mánaðarins í bókasal Landsbókasafnsins í Þjóðmenningarhúsi.

Sýningin **Handritin** stendur yfir í Þjóðmenningarhúsinu. Sýningin er á vegum Stofnunar Árna Magnússonar. Opíð er frá klukkan 11 til 17.

Guðlaugur Valgarðsson er með sýninguna Myndir úr lífinu í **gluggagalleríinu** að Vatnsstíg 9. Á sýningunni eru átta ljósmyndir, allar frá síðasta ári.

Sýning á bútasamsverkum eftir 10 konur stendur nú yfir í Garðabergi, félagsmiðstöð eldri borgara að Garðatorgi 7 í Garðabæ. Sýningarnar verða opnar alla daga nema sunnudaga frá kl. 13 til 17.

Við látum þig vita þegar þú vinnur

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

TUMI MAGNÚSSON

Sýnir í fyrsta sinn vídeóverk eftir sig, sem er í beinu framhaldi af rýmis- og litapælingum hans undanfarin ár.

Tumi Magnússon opnar sýningu í Ásmundarsafni:

Sýnir vídeó í kúlunni

MYNDLIST „Þótt ég hafi gegnum tíðina mest verið að mála, þá hef ég samt aldrei verið neitt bundinn af því að ég þyrfti að vinna með málverk,“ segir Tumi Magnússon myndlistarmaður, sem í dag opnar sýningu í Kúlunni í Ásmundarsafni við Sigtún. Þar sýnir hann vídeóverk, og er það í fyrsta sinn sem hann sýnir verk af því tagi opinberlega.

Lengi vel málaði Tumi fyrst og fremst á striga, en fyrir nokkrum árum fór hann að mála á vegg og einnig að taka ljósmyndir þar sem hann var að vinna með rýmið. „Þetta er bara svona framhald á því. Þetta er svipað viðfangsefni, aðeins un-

nið með annarri aðferð. En reyndar breytist viðfangsefnið þá aðeins í leiðinni.“

Litir hafa verið ær og kýr Tuma undanfarin ár. Hann hefur sýnt verk sem eru að uppistöðu nánast hreinir litafletir. Við fyrstu sýn kann að virðast lítið í slíkt spunið, en þegar nánar er að gætt búa óvæntar vangaveltur á bak við sem koma hugarfluginu heldur betur af stað.

„Þegar ég fór að vinna með liti ákveðinna efna, þá er það ekki endilega af því að mér finnst þetta svo fallegir litir, heldur er það út af tengingunni við ákveðið efni. Þegar maður veit að þetta er litur af ákveðnu

efni þá breytir það tilfinningunni, þá finnur maður kannski næstum því lykt af efninu.“

Kúlan í Ásmundarsafni við Sigtún er allsérstæður sýningarstaður. Tumi hefur látið myrkva gluggana. Eina lýsingin er af vídeóinu, sem lýsir beint upp í loftið.

„Ég hef ákaflega gaman af að vinna hlutina inn í ákveðið rými. Ekki síst svona sérstætt og fallegt rými eins og hérna er. Hljóðið er líka mjög óvenjulegt. Þegar maður talar í miðju rýminu þá er eins og það heyrir úr öllum áttum í einu. Og ég notfæri mér það auðvitað í þessari sýningu líka.“

gudsteinn@frettabladid.is

HEXA
Fatnaður fyrir alla

Lagerútsala

að Smiðjuvegi 6 (Græn Gata) Kópavogi

Kuldagallar, vinnufatnaður, regnfatnaður, útivistarfatnaður, skór, fleecpeysur, ullarpeysur og margt, margt fleira á ótrúlegu verði.

Lagerútsalan stendur aðeins frá 16. jan - 26. jan.

Fyrstur kemur, fyrstur fær !

Opnunartími

Mánud. - Föstud.	12 - 18
Laugard.	10 - 17
Sunnud.	12 - 17



Borgarskjalasafn Reykjavíkur
www.rvk.is/borgarskjalasafn
Sími: 563 1770

Reykjavík í hers höndum.
Sýning á skjölum og ljósmyndum af Reykjavík á stríðstímum.
Opin alla daga kl. 12-17
á 6. hæð, Tryggvagötu 15.



LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR
Reykjavík Museum of Photography
www.ljosmyndasafnreykjavikur.is
Langar þig í mynd af Reykjavík t.d. frá árinu 1910, 1930 eða 1950?
Verð frá 1000 kr.
Grófarhúsi, Tryggvagötu 15.
Opíð mán.-fös. kl. 10-16



LISTASAFN REYKJAVÍKUR
KJARVALSSTAÐIR • HAFNARHÚS • ÁSMUNDARSAFN
www.listasafnreykjavikur.is
Sími 552 6131
HAFNARHÚS
Arabiulistsýning,
Inga Svala Þórsdóttir, Erró
Leiðsögn sunnud. kl. 15.00
KJARVALSSTAÐIR
Odd Nerdrum, Kjarval
Leiðsögn sunnud. kl. 15.00

ÁSMUNDARSAFN
Tumi Magnússon,
Ásmundur Sveinsson



Minjasafn Reykjavíkur - Árbæjarsafn - Viðey
www.arbaejarsafn.is
Safnhús Árbæjarsafns eru lokuð en boðið er upp á leiðsögn alla mánuð., miðvikud. og föstudaga kl. 13. Einnig er tekið á móti hópum eftir samkomulagi. Nánari upplýsingar í síma 577 1111.
Upplýsingar um leiðsögn í Viðey í síma 568 0535.



www.gerduberg.is
Gerðubergi 3-5, s. 575 7700
Opnunartími sýninga frá kl.11-19 mán.-fös., kl.13-16.30 lau.-sun.
Ókeypis aðgangur.
Sýning: Bauhaus ljósmyndasýning. Sýningin stendur til 23. febrúar. Í félagsstarfi: Árni Sighvatsson.



BORGARBOKASAFN REYKJAVÍKUR
www.borgarbokasafn.is
s. 563 1717
Upplýsingar um afgreiðslutíma: s. 552 7545
Nýtt á vef Borgarbókasafns
Lesið um jólabækurnar og sendið ykkar álit á www.bokmenntir.is



Minjasafn Orkuveitunnar
Minjasafn Orkuveitunnar í Elliðaárdal er opið sun. 15-17 og eftir samkomulagi í s. 567-9009

